

FUNDARGERÐ

Nefnd: Framkvæmdanefnd

Efni: Kerfisbundin endurskoðun

Viðstaddir: Berglind Eva Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Bjarni Bjarnason, Steinvör Laufey Jónsdóttir, Auður Lilja Erlingsdóttir, Hugrún Kristjánsdóttir, Signý Jóhannesdóttir, Árni Egilsson, Jakobína Björnsdóttir.

Fundardagur: 9.3.2015

Tími: 10:00 – 16:00

Fundarstaður: Allsherjarbúð, Borgartúni 30

Mál tekið fyrir:

- Starfsreglur starfsmats
 - rætt um skipan í starfsmatsnefndina og hvernig best er að standa að skipan (endurskipan eða nýskipan) í nefndina.
 - rætt um þær kröfur sem hægt er að gera til sveitarfélaga varðandi aðkomu að starfsmati.
 - mikilvægt að starfslýsing séu samrýmdar fyrir öll sveitarfélögin (sama form, samrýmt útlit o.s.frv.).
 - Varðandi starfsmatsbeiðni þá er mikilvægt að það sé staðlað form og leiðbeiningar hvernig á að sækja um mat, hvaða gögnum þarf að skila inn o.s.frv.
 - rætt um 8. gr. reglanna þar sem segir að stofnað sé starfsmatsteymi í hverju sveitarfélagi með fulltrúa beggja aðila, þ.e. frá sveitarfélagi og stéttarfélagi.
 - rætt um það hvort þetta sé gerlegt og hvernig best sé að orða þetta í starfsreglunum.
 - Skoðum 8. gr. reglanna betur síðar.
 - Rætt um 19. gr. varðandi endurmatsbeiðni og hvort og hvenær skuli boða fólk í viðtöl.
 - Umræða um hvort slíkt yrði rætt í framkvæmdanefndinni hvort þörf sé á slíku viðtali eða ekki.
- Þegar starfsmaður sem sækir um starfsmat (nýtt mat og endurmat) er mikilvægt að viðkomandi starfsmaður takmarki allar upplýsingar sem geta verið persónurekjanlegar. Þetta á t.d. við um hvernig spurningalistum er svarað. Starfsmatið snýr að starfinu en ekki starfsmanninum.
 - Rætt um að halda inni kröfunum um að starfsmaður þurfi að vera að lágmarki í 6 mánuði í starfi til að geta mætt í viðtal svo viðkomandi hafi næga reynslu og yfirsýn á starfið sem um ræðir.

- Farið yfir starf **6000-1 Þjónustufulltrúi hjá Fasteignum Akureyrarbæjar (Byggingastjóri)**.
 - Endurmatsbeiðni sem óskað var eftir forgang á.
 - Tillögur starfsmatsráðgjafi á endurmatinu samþykktar af Framkvæmdanefnd.
 - Ný lína starfs Byggingastjóra:

531	100	52	52	39	52	20	30	10	39	39	26	52	20
-----	-----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

- Farið yfir línur starfa hjá Akureyrarbæ í kerfisbundinni endurskoðun.
 - útkoman af yfirferðinni með athugasemdum og spurningum er svo send á starfsmannastjóra Akureyrarbæjar (Halla Margrét Tryggvadóttir) og verkefnastjóra hjá Akureyrarbæ (Gunnar Frímannsson)

Fundi slitið kl.16